



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 1/2013

Upphaf samningstíma og uppsagnarfrestur samninga Neyðarlínunnar hf. og Mílu ehf. um leigulínur.

I.

Erindið

Þann 6. júní 2012 barst Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) erindi Neyðarlínunnar hf. (Neyðarlínan) þar sem óskað var eftir að PFS ákvarði hvernig beri að túlka upphaf samningstíma og þar með uppsagnarfrest samninga félagsins við Mílu ehf. (Mílu) um leigulínur sem voru til staðar þegar ný verðskrá Mílu tók gildi þann 1. ágúst 2011.

II.

Málavextir og bréfaskrif

2.1 Bréf Neyðarlínunnar til PFS

Líkt og áður segir barst PFS bréf, dags. 6. júní sl., frá Neyðarlínunni þar sem m.a. kom fram að Neyðarlínan leigi töluvert af leigulínum af Mílu sem flestar voru settar upp á árinu 2007. Þá kemur fram að í ágúst 2011 hafi tekið gildi ný gjaldskrá hjá Mílu fyrir stofnsambönd og að töluverðar breytingar hafi verið gerðar á gjaldskrá félagsins. Kemur fram í bréfinu að breytingarnar hafi m.a. falið í sér að þær leigulínur sem Neyðarlínan leigir af Mílu, sem eru sambönd frá 64 kb/s í 2 Mb/s, hafi hækkað í verði en á móti hafi komið afsláttur upp á 15% miðað við þriggja ára samning. Þá segir að þegar nýja gjaldskráin tók gildi hafi Neyðarlínan leigt leigulínurnar í um fjögur ár.

Í bréfi Neyðarlínunnar segir jafnframt að nýverið hafi félagið sagt upp tilteknum leigulínum sem settar hafi verið upp árið 2007 og félagið telji, „ ... í ljósi þess langa leigutíma sem þegar var til staðar að uppsagnarfrestur sé einn mánuður.“ Míla telji aftur á móti að upphaf leigutíma beri að miða við þann tíma þegar nýja gjaldskráin tók gildi en ekki upphaflegan leigutíma. Sökum þessa, segir í bréfinu, er ágreiningur milli aðila um túlkun á gjaldskránni sem aðilar geti ekki leyst sín á milli. Óskar Neyðarlína því eftir við PFS að stofnunin ákvarði „ ... hvernig beri að túlka upphaf samningstíma og þar með uppsagnarfrest varðandi sambönd sem þegar voru til staðar þegar ný gjaldskrá tók gildi.“

2.2 Bréfaskrif PFS og Mílu

Með tölvupósti PFS til Mílu, dags. 11. júní sl. óskaði stofnunin eftir umsögn Mílu um innkomið erindi Neyðarlínunnar. Barst stofnuninni svarbréf Mílu, dags. 15. s.m. þar sem félagið hafnar afstöðu Neyðarlínunnar. Í bréfinu segir að Neyðarlínan fari „ ... fram á að miðað verði við upphaf leigutíma á línunum sem teknar voru á leigu fyrir útgáfu nýrrar verðskrár í ágúst 2011. Þannig bætist ekki 3ja mánaða leigugjald við hefðbundinn uppsagnarfrest, vegna lína sem settar voru upp árið 2007 og eru nú með 15% afslætti.“

Hafnar Míla þessum rökum Neyðarlínunnar þar sem að eldri verðskrá var ekki með sambærilegum afsláttarskilmálum og sú gjaldskrá sem tók gildi í ágúst 2011 og var því ekki um að ræða samninga með ákveðinni tímalengd. Þegar ný verðskrá var samþykkt var gert ráð fyrir að ákveðinn fjöldi lína yrði með afslætti og var viðskiptavinum boðið að ákveða hvaða leigulínur þeir vildu gera eins til þriggja ára samning um. Að mati Mílu var Neyðarlínunni því í sjálfsvald sett að ákveða þá samningslengd sem þeir kusu. Greiði viðskiptavinir sem ekki óskuðu eftir að gera eins til þriggja ára samning fullt verð og án afsláttar. Í þeim tilfellum gildi því hefðbundinn uppsagnarfrestur. Þá segir í bréfi Mílu að með því að gefa viðskiptavinum slíkt val við að ákveða samningstíma megi þeim vera ljóst að „ ... þá gildir samningstíminn frá þeim degi sem samningurinn er gerður, þ.e. á þeim degi sem viðskiptavinur ákveður samningslengd.“

Í bréfi Mílu kemur jafnframt fram að viðskiptavinum félagsins hafi verið sent kynningarbréf þann 31. maí 2011, í tengslum við verðbreytinguna. Í kynningarbréfinu kom eftirfarandi fram:

„Afslættir:

Með nýrri leigulínuverðskrá verður sú breyting gerð að öll afsláttakjör í framtíðinni munu miðast við lengd samningstíma. Aðrir afslættir falla niður.

**3ja ára samningur 15% afsláttur – viðbótaruppsagnarfrestur 3 mánuðir.*

**2ja ára samningur 10% afsláttur – viðbótaruppsagnarfrestur 2 mánuðir.*

**1 árs samningur 5% afsláttur – viðbótaruppsagnarfrestur 1 mánuður.*

Ofangreindir viðbótaruppsagnarfrestir koma til viðbótar almennum uppsagnarfresti.“

PFS sendi á ný bréf til Mílu, dags. 21. júní sl., þar sem óskað var eftir að fá afhenta alla þá samninga sem gerðir hafa verið og undirritaðir milli aðila vegna umræddra leigulína, þ.e. upphaflegan samning, allar breytingar sem gerðar hafa verið á honum, t.d. uppfærslur m.t.t. nýrrar gjaldskrár hafi það verið gert. Þá óskaði PFS eftir því, hafi ekki verið gerður nýr samningur á grundvelli nýrrar gjaldskrár, að fá nánari lýsingu á því hvernig staðið hafi verið að breytingu fyrirliggjandi samnings og undirritað samþykki þeirra breytinga, sé slík undirritun fyrir hendi.

Stofnuninni barst svarbréf Mílu, dags. 28. s.m., þar sem fram kemur að Neyðarlínan hafi leigt leigulínur af Mílu og áður Símanum hf. (Símanum) í fjölda ára, eða mun lengur en fjögur ár. Meðfylgjandi bréfinu var samningur frá 6. mars 2007 milli Neyðarlínunnar og Símans. Þá segir að vorið 2011 hafi nýtt viðmiðunartilboð tekið gildi um leigulínur sem PFS hafi

samþykkt og að Míla telji að skýra beri samninginn í samræmi við núgildandi skilmála í viðmiðunartilboði.

Í bréfinu kemur fram að þegar ný verðskrá var gefin út árið 2011 hafi verið sent bréf til allra viðskiptavina og þeim boðið að tilgreina hvaða samningslengd þeir vildu hafa á leigulínum sínum. Bréfinu hafi verið fylgt eftir með tölvupóstum og símtölum. Meðfylgjandi bréfi Mílu voru tölvupóstsamskipti milli Þórhalls Ólafssonar, framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar, og [...]¹, viðskiptastjóra Mílu. Í bréfi Mílu er vísað til umræddra tölvupóstsamskipta við framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar þar sem þar sem honum var gefinn kostur á að ákveða samningslengd leigulína. Fram kemur að svar hans hafi verið „ ... stutt og laggott: „*Sæll gera samning*“.“ Enn fremur kemur fram að með símtali hafi framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar verið inntur eftir tímalengd samnings og hafi hann óskað eftir að þriggja ára samningur yrði gerður. Í framhaldinu hafi Neyðarlínunni verið sendir reikningar með 15% afslætti sem félagið hafi greitt án athugasemda. Þá segir jafnframt í bréfinu að allar pantanir eftir útgáfu verðskrárinnar hafi verið tilgreindar með þriggja ára samningi.

Hvað varðar verklag við pantanir á leigulínum segir í bréfi Mílu að gerður sé einn heildarsamningur um leigulínur almennt. Pantanir hafi svo verið sendar í tölvupósti til Símans (síðar Mílu) en nú fari pantanir í gegnum svo kallað Salesforce kerfi. Þá sé ekki gerður undirritaður samningur um hverja línu, heldur er sama fyrirkomulag viðhaft í leigulínum og heimtaugum, þ.e. að undirritaður er einn almennur samningur og línurnar svo pantaðar rafrænt. Þá er í bréfinu upplýst að ekki hafi verið undirritaður nýr samningur þegar hin nýja verðskrá var gefin út. Er vísað til grein 17.2 í viðmiðunartilboði en samkvæmt greininni þá tekur nýtt viðmiðunartilboð gildi sem samningur milli aðila sem þegar eru í samnings sambandi án sérstakrar undirritunar. Þá er jafnframt vísað til greinar 3 í viðmiðunartilboðinu er fjallar um verðbreytingar.

Jafnframt er greint frá því í bréfi Mílu að Neyðarlínan hafi sagt upp 14 leigulínum á [...]² á þessu ári, en þessar línur hafi verið fluttar yfir til [...]³. Hafi Míla innheimt fullt gjald af bæði Neyðarlínunni og [...]⁴ í nokkra mánuði. Kemur fram að ekki hafi verið um uppsögn að ræða heldur rétthafabreytingu og þegar mistökin uppgötvuðust hafi verið gerð leiðrétting og Neyðarlínunni endurgreidd ofinnheimt leiga.

2.3 Bréf PFS til Neyðarlínunnar

Með bréfum PFS, dags. 5. júlí og 23. júlí sl. til Neyðarlínunnar bauð stofnunin félaginu að tjá sig um og gera athugasemdir við svarbréf Mílu og fylgigögn þeirra. Með fyrra bréfi PFS til Neyðarlínunnar fylgdu bréf Mílu, dags. 15. júní sl. og bréf Mílu, dags. 28. júní sl., ásamt fylgigögnum. Var í fyrra bréfinu veittur svarfrestur til 19. júlí sl. Þegar ekki barst svar frá Neyðarlínunni fyrir tilgreindan frest sendi PFS síðara bréf sitt til félagsins og óskaði á ný athugasemda þess. Var frestur veittur til 7. ágúst sl. Þá var tilgreint í bréfinu að bærust ekki svör fyrir framangreinda frest yrði stofnunin að líta svo á að Neyðarlínan hafi engar

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.

athugasemdir fram að færa varðandi svör og skýringar Mílu. Myndi stofnunin þá taka málið til efnismeðferðar og skera úr ágreiningi með ákvörðun í samræmi við lög, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Ekki bárust athugasemdir frá Neyðarlínunni þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir stofnunarinnar og sér stofnunin sér ekki annað fært en að taka málið til efnismeðferðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

III. Lagaumhverfi

3.1 Ákvæði fjarskiptalaga

PFS er sú stofnun sem með lögum hefur verið falið að annast framkvæmd laga um fjarskipti og hafa eftirlit með fjarskiptum, sbr. 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Þá er það eitt af verkefnum stofnunarinnar að vinna gegn hindrunum á framboði á fjarskiptanetum, aðstöðu og þjónustu sem þeim tengist og fjarskipta- og pósthjónustu, sbr. a-liður 3. tl. 1. mgr. 3. gr. sömu laga. Þá ber stofnunni að hafa eftirlit meðframkvæmd laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna.

Í VII. kafla fjarskiptalaga er fjallað um samtengingu neta og þjónustu og aðgang að þeim. Er að finna ákvæði í 33. gr. laganna um að ef ekki ríki virk samkeppni á markaði fyrir leigulínur eða ákveðnar tegundir þeirra skuli PFS tryggja að a.m.k. eitt fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk bjóði fram leigulínur í heildsölu eða smásölu af þeirri tegund sem stofnunin telur að þörf sé fyrir á fjarskiptamarkaðinum. Er ákvæðinu ætlað að tryggja aðgang annarra fjarskiptafyrirtækja að leigulínum í heildsölu og smásölu.

Í V. kafla fjarskiptalaga er fjallað um markaðsgreiningar PFS. En stofnunin skal greina hlutaðeigandi markaði með hliðsjón af skuldbindingum samkvæmt EES samningnum og skal sú greining vera grundvöllur ákvörðunar um hvort lagðar verið á kvaðir á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á mörkuðum þar sem ekki ríkir virk samkeppni. Er jafnframt kveðið á um í 29. gr. laganna að til að auka gagnsæi samtengingar eða aðgangs að aðstöðu fjarskiptafyrirtækis geti PFS skyldað fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk til að birta opinberlega ákveðnar upplýsingar, t.d. skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun sem og verðskrá. Þá kveður 2. mgr. greinarinnar á um að þegar fjarskiptafyrirtæki er gert að gæta jafnræðis geti stofnunin krafist þess að fyrirtækið gefi út viðmiðunartilboð sem innihaldi sundurliðaða lýsingu á samtengingu eða aðgangi, ásamt skilmálum og skilyrðum, þ.á.m. gjaldskrá. Eins er stofnuninni heimilt að mæla fyrir um breytingar á viðmiðunartilboði. Hefur PFS með heimild í framangreindu ákvæði, sbr. einnig ákvæði 26. gr. þágildandi fjarskiptalaga nr. 107/1999, sett reglur, nr. 94/2002, um viðmiðunartilboð um samtengingu. Samkvæmt 1. gr. reglnanna er viðmiðunartilboð tilboð sem fjarskiptafyrirtæki, tilboðsgjafi, birtir og inniheldur lýsingu og verð á sundurliðuðum möguleikum þess til að veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að þeim hlutum neta og þáttum þjónustu sem eru nauðsynlegir til þess að fjarskiptafyrirtæki geti tengt net sín og þjónustu við net og þjónustu tilboðsgjafa. Þá skal verð í viðmiðunartilboði vera sundurliðað í samræmi við ákvæði 5.-15. gr. reglnanna og skal enn fremur upplýst um hvernig tilkynnt verður um breytingar á skilyrðum og skilmálum, sbr. 1. tl. 15. gr. reglnanna.

3.2 Viðmiðunartilboð Mílu

Með ákvörðun sinni, nr. 20/2007, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð af leigulínum (markaður 7), heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína (markaður 13) og heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14), voru Síminn og Míla tilnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á ofangreindum mörkuðum, Síminn á öllum ofangreindum mörkuðum og Míla á tveimur hinum síðarnefndu. Um er að ræða markaði samkvæmt eldri tilmælum ESA frá árinu 2004. Útnefning stofnunarinnar náði til landsins alls, þ.e. höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Með ákvörðuninni, sbr. heimild í 29. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti voru m.a. lagðar kvaðir á Mílu um gagnsæi og skyldi félagið útbúa og birta viðmiðunartilboð fyrir samtengingu leigulína og upplýsingar um aðgang að stofnlínuhluta leigulína í heildsölu, þ.á.m. um gjaldskrá, tæknilega eiginleika og afgreiðsluskilmála. Þá skyldi Míla einnig birta bókhaldsupplýsingar um afkomu í stofnlínuhluta leigulína í samvinnu við PFS.

Með ákvörðun sinni, nr. 2/2011, varðandi viðmiðunartilboð Mílu ehf. fyrir leigulínur, markaðir 13 og 14, samþykkti PFS viðmiðunartilboð Mílu, dags. 5. nóvember 2009, fyrir leigulínur, sem taka skyldi gildi 1. mars 2011, með þeim breytingum sem mælt var fyrir um í viðauka við ákvörðunina. Skyldi Míla fyrir gildistöku viðmiðunartilboðsins hafa lokið við að breyta því til samræmis við fyrirmæli PFS samkvæmt ákvörðuninni og birta það á aðgengilegan hátt á vefsíðu sinni. Í tilgreindum viðauka við ákvörðunina er m.a. fjallað um breytingar á samningi, afslætti og uppsagnarfrest. Þau ákvæði viðmiðunartilboðs Mílu sem koma til skoðunar í máli þessu er að finna í grein 3 um verð og grein 17 er fjallar um gildistöku, gildistíma og uppsögn samnings.

3.2.1 Gildistaka, gildistaka og uppsögn samnings skv. viðmiðunartilboði Mílu

Fram kemur í grein 17.1 að svo tilboðið taki gildi fyrir aðila sem ekki eru í samningssambandi við Mílu um leigulínur þurfi undirskrift beggja aðila að liggja fyrir. Kemur fram að samningurinn sé ótímabundinn en geti tekið breytingum í samræmi við grein 17.3.

Aftur á móti er kveðið á um það í grein 17.2 að þegar kemur að aðilum sem þegar eru í viðskiptum við Mílu er ekki gerð krafa um undirskrift aðila svo að nýtt viðmiðunartilboð Mílu taki gildi gagnvart aðilanum þegar uppsagnarfrestur samkvæmt grein 17.4 er liðin semji aðilar ekki um annað. Ákvæðið orðast svo:

„Þegar í gildi er samningur um aðgang að leigulínum milli Mílu og þjónustukaupa leysir nýr samningur/viðmiðunartilboð [um] aðgang að leigulínum hinn fyrri af hólmi, án sérstakrar undirskriftar, þegar uppsagnarfrestur skv. grein 17.4 er liðinn, nema aðilar semji um að samningurinn taki gildi fyrr.“

Uppsagnarfrestur samkvæmt 1. mgr. greinar 17.4 eru þrjú mánuðir miðað við mánaðarmót.

Eins er í 1. mgr. greinar 17.3 gerðar ákveðnar formkröfur varðandi gildistöku nýs viðmiðunartilboðs. Skal það birt til kynningar og sent viðsemjanda sem og PFS með þriggja mánaða fyrirvara áður en það skal taka gildi. Að þeim tíma liðnum gildir viðmiðunartilboðið sem samningur milli aðila. Aftur á móti er gerður fyrirvari í 2. mgr. greinarinnar sem kveður á

um að viðmiðunartilboðið taki aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Þannig getur hvor aðili fyrir sig skotið ágreiningi til PFS til úrlausnar.

Ákvæðið er svohljóðandi:

„Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar og sent viðsemjanda og Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um leigulínur milli þjónustusala og viðsemjanda hans.

Geti viðsemjandi þjónustusala ekki felld sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni viðmiðunartilboðs um leigulínur til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.

Míla birtir „Viðmiðunartilboð um leigulínur“ á vef sínum.“

Umrædd ákvæði viðmiðunartilboðsins eru í samræmi við viðauka ákvörðunar PFS, nr. 2/2011, þar sem fram kemur að þegar gerðar eru breytingar á viðmiðunartilboði þá skuli hið nýja viðmiðunartilboð birt til kynningar og sent viðsemjanda og PFS að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um leigulínur milli Mílu og viðsemjanda félagsins. Þá segir að geti viðsemjandi Mílu ekki felld sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreining um efni viðmiðunartilboðs um leigulínur til úrlausnar PFS. Þá skal Míla birta viðmiðunartilboðið á vef sínum.

Í framangreindri ákvörðun vísar stofnunin til fyrri ákvarðana sinna þar sem áður hefur verið fjallað um með hvaða hætti eigi að standa að breytingu á gildandi viðmiðunartilboðum. Segir að viðmiðunartilboðum sé ætlað að skapa gagnsæi um kjör og ákveðinn grundvöll fyrir samningsgerð á milli aðila en ætti ekki að þoka samningsfrelsi viðsemjanda. Þannig væri óheimilt að binda viðsemjendur einhliða með breyttum skilmálum í samningum án þeirra samþykkis eða uppsagnarfrests. Er vísað til ákvörðunar stofnunarinnar, nr. 11/2009, um breytingar á viðmiðunartilboði Símans, útgáfu 3.5. um samtengingu talsímaneta, sbr. einnig ákvörðun, nr. 20/2009, um breytingar á skilmálum viðmiðunartilboðs um sýndarnetsaðgang að farsímaneti Símans hf. Í ákvörðun nr. 11/2009, breytingar á samtengingarsamningi Símans og viðsemjanda hans, var um að ræða samhljóða orðalag og finna má í grein 17.3 í viðmiðunartilboði Mílu. Í niðurstöðukafla PFS í þeirri ákvörðun segir um breytingarákvæðið að birting á heimasíðu félagsins á ákvæðum samningsins teljist nægjanleg birting. Hvað varðar skuldbindingargildi samnings gagnvart viðsemjanda þá kemur fram að PFS telji rétt viðsemjanda ekki fyrir borð borinn enda sé hann tryggður á þann hátt að nýtt viðmiðunartilboð tekur aðeins gildi sem samningur milli aðila varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Með þessum hætti er tilboðsgjafi einungis að skuldbinda viðsemjanda að nýju tilboði hvað varðar þá þætti sem viðsemjandi getur fallist á. Taldi PFS því ekki þörf á að setja sérstakt skilyrði um að nýtt viðmiðunartilboð taki aðeins gildi með sérstakri undirskrift beggja aðila. Kemur enn fremur fram að stofnunin telji ákvæði um að skýra beri eldri samninga með hliðsjón af breyttum ákvæðum viðmiðunartilboðs sé óþarft. Í

ákvörðuninni segir m.a. að það sé „ ... í ljósi þess að komi upp ágreiningur um einhverja þætti viðmiðunartilboðsins mælir 1. mgr. skilmálans fyrir um það að nýtt viðmiðunartilboð taki einungis gildi um þá þætti sem enginn ágreiningur er um. Getur hvor aðili um sig síðan óskað eftir að PFS skeri úr um ágreining aðila með ákvörðun. Væri það því í reynd í mótsögn við þá reglu að setja túlkunarreglu þess efnis að skýra beri ákvæði eldri samnings, sem heldur óbreyttur gildi sínu um atriði sem ágreiningur er um, með hliðsjón af breyttum og umþrættum skilmálum nýs viðmiðunartilboðs.“

3.2.2 Verð og afslættir skv. viðmiðunartilboði Mílu

Nýtt viðmiðunartilboð Mílu var birt 1. mars 2011 og ný gjaldskrá tók gildi þann 1. ágúst 2011. Í 2. gr. viðmiðunartilboðsins kemur fram að verðskrá fyrir leigulínur sé hluti af viðauka 2 við tilboðið. Þá segir í 3. gr. viðmiðunartilboðsins að verðskrá fyrir hverja þjónustu er lýtur að leigulínunum sé nánar lýst í viðauka 2 við tilboðið. Þá kemur fram að Míla skuli tilkynna þjónustukaupa um verðskrárbreytingar með a.m.k. 60 daga fyrirvara.

Í viðauka 2a um verðskrá leigulína kemur fram ákveðið afsláttarfyrirkomulag. Í grein 2.13 segir:

„Afslættir vegna leigulína eru eftirfarandi:

- 3ja ára samningur 15% afsláttur – viðbótaruppsagnarfrestur 3 mánuðir.
- 2ja ára samningur 10% afsláttur – viðbótaruppsagnarfrestur 2 mánuðir.
- 1 árs samningur 5% afsláttur – viðbótaruppsagnarfrestur 1 mánuður.“

Þá segir í grein 2.14 að „ ... [u]ppsagnarfrestur fyrir leigulínur skal almennt vera einn mánuður. Viðbótaruppsagnarfrestur sem tilgreindur er í grein 2.16 kemur til viðbótar almennum uppsagnarfresti.“ Aftur á móti er ekki að finna neina grein 2.16 í viðmiðunartilboðinu sjálfu eða viðaukum við það eins og það er birt á heimasíðu félagsins en telja verður að tívisunin eigi að vera í 2.13 í viðauka við viðmiðunartilboðið sem fjallar um afslættina.

Hvað varðar afslætti kemur fram í ákvörðun nr. 2/2011, um viðmiðunartilboð Mílu að leigi aðili meira en 1.800 km af línunum með 45-622/ Mb/s flutningsgetu fær viðkomandi 25% afslátt af leiguverði 45-622 Mb/s lína. Í meginefni ákvörðunarinnar er þó gerður ákveðinn fyrirvari hvað þennan skilmála varðar. Þar segir:

„PFS telur þó rétt að vekja athygli á að í þeirri kostnaðargreiningu sem nú stendur yfir á leigulínunum Mílu er m.a. verið að fjalla um breytingar á afsláttarfyrirkomulagi, sem og breytingar á hvernig vegalengd línu er reiknað, en lengd línu er í dag einn af þeim þáttum sem hafa áhrif á verð fyrir leigulínur. PFS mun í væntanlegri kostnaðargreiningarákvörðun einnig gera breytingar á þeim skilmálum viðmiðunartilboðsins sem hafa beina skírskotun í það hvernig verð fyrir leigulínur er fundið út.“

Í ákvörðun PFS, nr. 14/2011, varðandi kostnaðargreiningu Mílu ehf. á gjaldskrá fyrir leigulínur, er fjallað um það afsláttarfyrirkomulag sem finna má í gildandi viðauka við viðmiðunartilboð félagsins.

Kemur fram að PFS samþykki beiðni Mílu um ný afsláttarkjör sem byggja á tímalengd samnings. Var það niðurstaða PFS að stofnunin samþykkir að nýir afslættir miðast við lengd samnings, þ.a. gildi samningur í 1 ár þá er afsláttur 5%, ef gildistími er 2 ár þá er afsláttur 10% og ef gildistími er 3 ár þá er afsláttur 15%. Samningar eru uppsegjanlegir hvenær sem er með tveggja til fjögurra mánaða fyrirvara. Þá var tilgreint að uppsagnarfrestur fyrir leigulínur skyldi almennt vera einn mánuður og framangreindir viðbótaruppsagnarfrestir komi til viðbótar almennum uppsagnarfresti. Þá segir:

„Almennt skal miða við að um eins mánaðar uppsagnarfrest sé að ræða á ótímabundnum samningum. Sé tímabundnum samningi sagt upp áður en gildistími samningsins er liðinn þá skal leigutaki segja samningi upp með eins til þriggja mánaða fyrirvara, eftir lengd samnings, til viðbótar við eins mánaðar uppsagnartíma.“

Jafnframt kemur fram í afstöðu PFS að samningar skuli vera „... *uppsegjanlegir hvenær sem er með tveggja til fjögurra mánaða fyrirvara þegar tekið hefur verið tillit til eins mánaðar uppsagnartíma sem Míla hyggst hafa almennt.*“ Fram kemur í ákvörðuninni að afslátturinn miðist við einstakar línur að almennur uppsagnarfrestur yrði einn mánuður og viðbótaruppsagnarfresturinn kæmi þar til viðbótar. Aftur á móti þyrfti ekki að greiða viðbótaruppsagnarfrestinn að samningstíma loknum. Hvað varðar gildistöku gjaldskrána segir að „... [v]iðkomandi skilmálar taki gildi frá sama tíma og gjaldskrárbreyting í samræmi við þessa kostnaðargreiningu á sér stað. Frá sama tíma falla allir núverandi afslættir úr gildi.“

IV.

Forsendur og niðurstaða

Míla birti nýtt viðmiðunartilboð sitt þann 1. mars 2011 í samræmi við ákvörðun PFS, nr. 2/2011. Í viðmiðunartilboðinu eru að finna ákvæði er lúta að breytingum á skilyrðum og skilmálum tilboðsins í samræmi við 1. tl. 15. gr. reglna, nr. 94/2002.

Líkt og að framan greinir hefur Neyðarlínan verið með samning við Mílu, og áður Símann, um leigulínur í töluverðan tíma. Er því ljóst að á grundvelli samningssambands Neyðarlínunnar og Mílu að viðmiðunartilboðið Mílu leysir hinn fyrri samning af hólmi, án sérstakrar undirskriftar, enda standi ekki ágreiningur um ákvæði viðmiðunartilboðsins, þegar þriggja mánaða uppsagnarfrestur, sbr. grein 17.4, er liðinn og aðilar hafa ekki samið um að samningur taki fyrr gildi. Rísi ágreiningur um ákvæði nýs tilboðs getur hvor aðili um sig skotið því til úrlausnar PFS, sbr. einnig ákvörðun PFS nr. 11/2009. Verður út frá orðalagi ákvæðisins að skilja að slíkan ágreiningur verði að bera upp fyrir gildistöku viðmiðunartilboðsins, enda segir að viðmiðunartilboðið taki „... *aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um.*“ Hefur aðili þá haft að minnsta kosti þrjá mánuði til að andmæla ákvæðum viðmiðunartilboðsins. Verður ekki talið að slíkur frestur til andmæla sé of skammur. PFS barst ekki erindi er varðaði ágreiningur Neyðarlínunnar og Mílu á ákvæðum viðmiðunartilboðsins innan þessa tímamarka fyrir gildistöku þess. Er því ljóst, af hálfu PFS, að hið nýja viðmiðunartilboð Mílu hafi öðlast gildi sem samningur á milli aðila með þeim réttindum og skyldum sem þar greinir, án sérstakrar undirskriftar af hálfu aðila. Breytingar á verðskrá Mílu sem uppfylla ákvæði viðmiðunartilboðsins þar um og ákvarðanir PFS gilda því um samningssambönd Neyðarlínunnar og Mílu.

Ný verðskrá Mílu tók gildi 1. ágúst 2011 og hafði Míla þá tilkynnt viðsemjendum sínum um fyrirhugaða breytingu með tölvupósti dags. 31. maí 2011. Með hinni nýju verðskrá bauð Míla viðskiptavinum sínum upp á ákveðið afsláttarfyrirkomulag. Gátu aðilar lækkað kostnað við að binda sig í viðskiptum við Mílu til ákveðins tíma, þ.e. eins árs, tveggja ára eða þriggja ára, en njóta þar með ákveðinna afsláttarkjara. Í þeim tilvikum sem viðskiptavinir kusu að gera tímabundinn samning sem þennan skuldbundu þeir sig í viðskipti við Mílu til ákveðins tíma. Eðli tímabundinna samninga felst í að þeir séu almennt óuppsegjanlegir en var viðsemjendum Mílu, sem féllust á að gera tímabundinn samning, heimilt að segja sig frá samningnum en á grundvelli þess að við bættist eins til þriggja mánaðar uppsagnarfrestur við hinn almenna eins mánaðar uppsagnarfrest fyrir einstakar leigulínur.

Eins og áður hefur verið greint frá voru viðskiptavinum Mílu kynntar verðskrárbreytingar með tölvupósti þann 31. maí 2011 þ.e. tveimur mánuðum fyrir gildistöku nýrrar gjaldskrár. Er tilkynningin í samræmi við ákvörðun PFS nr. 14/2011, sem og grein 3 í viðmiðunartilboðinu sjálfu. Meðal gagna málsins, sem ekki hefur verið mótmælt af hálfu Neyðarlínunnar, má sjá að framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar svarar tölvupósti frá viðskiptastjóra Mílu þann 15. júlí 2011, um að gera skuli samning. Þá hefur Neyðarlínan ekki hreyft mótmælum við því sem fram kemur í bréfi Mílu til PFS, dags. 28. júní 2012, að í símtali hafi framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar tilgreint að samningurinn skyldi vera til þriggja ára. Þá kemur enn fremur fram í bréfi Mílu að reikningar félagsins til Neyðarlínunnar hafi allir verið með 15% afslætti og greiddir án athugasemdar af hálfu Neyðarlínunnar. Eins hafi allar pantanir eftir útgáfu verðskrárinnar hafa verið tilgreindar með þriggja ára samningi. Af framangreindu er það ekki vafa undirorpið, að mati PFS, að Neyðarlínan kaus að njóta þeirra afsláttarkjara sem þriggja ára tímabundinn samningur veitti, þ.e. 15% afsátt af verði, uppsegjanlegum með þriggja mánaða viðbótaruppsagnarfresti umfram eins mánaðar uppsagnarfrest fyrir einstakar leigulínur.

Erindi um að PFS ákvarði um upphaf samningstíma og uppsagnarfrest, barst þegar Neyðarlínan sagði upp ákveðnum leigulínum hjá Mílu. Ekki er verið að mótmæla því að í gildi sé samningur milli Neyðarlínunnar og Mílu heldur hvert sé upphaf hans og þar með uppsagnarfrestur. Líkt og að framan hefur verið rakið er það niðurstaða PFS að á hafi komist ótímabundinn samningur milli aðila við gildistöku nýs viðmiðunartilboðs Mílu með almennum þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda var ákvæðum þess ekki mótmælt af hálfu Neyðarlínunnar né samningur gerður þess efnis að tilboðið skyldi öðlast gildi innan þeirra þriggja mánaða sem krafist er í skilmálum viðmiðunartilboðsins.

Líkt og fram kemur í grein 3 í viðmiðunartilboðinu er verðskrá fyrir hverja þjónustu er lýtur að leigulínum nánar lýst í viðauka 2. Ný gjaldskrá félagsins frá 1. ágúst 2011 heimilar að gerðir séu sérstakir tímabundnir samningar fyrir einstakar leigulínur. Slíkir samningar lúta sérstaklega tilgreindum skilyrðum er kemur að uppsögn þeirra, enda um samninga að ræða þar sem aðili skuldbindur sig til að vera í viðskiptum við Mílu í tilgreindan tíma en hljóta á sama tíma hagstæðari kjör. Með gildistöku nýrrar gjaldskrár og á grundvelli gagna frá Mílu, sem Neyðarlínan hefur ekki véfengt, telst hafa komist á tímabundinn þriggja ára samningur milli aðila. Upphaf hans verður að telja frá gildistöku nýrrar verðskrár þegar aðili byrjaði að njóta þeirra kjara sem buðust í slíkum samningi. Naut Neyðarlínan á grundvelli þess samnings

15% afsláttar af eiginlegu verði og greiddi þá reikninga án athugasemda. Mátti Neyðarlínunni þá vera ljóst, með viðbrögðum sínum við kynningarpósti Mílu og samtölu við starfsmenn félagsins, að hún hafi undirgengist þann þriggja mánaða viðbótaruppsagnarfrest sem kveðið er á um í ákvæði 2.13 í viðauka við viðmiðunartilboðið enda verður ekki séð, að mati PFS, að aðili geti notið þeirra ívilnana sem samningur felur í sér án þess að taka jafnframt á sig þær skuldbindingar sem skilyrtar eru. Í ákvörðun PFS, nr. 14/2011, segir að fyrri afsláttarkjör skyldu falla úr gildi við gildistöku nýrrar verðskrár. Mátti viðsemjendum Mílu vera ljóst að semja þyrfti á ný, í samræmi við nýja verðskrá, hafi þeir vilja njóta afsláttar af verði. Þá hafði Neyðarlínan frjálst val um það hvort hún greiddi fyrir leigulínur á verði án afsláttar og viðbótaruppsagnarfrestar. Getur PFS af þessum sökum ekki fallist á rök Neyðarlínunnar að upphaf samnings skuli ekki miðast við gildistöku nýrrar gjaldskrár þann 1. ágúst 2011. Tölvupóstur framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar frá 15. júlí 2011, og skortur á andmælum gegn fullyrðingum Mílu um að samið hafi verið um í samtali að tímalengd samnings skyldi vera þrjú ár, styrkja þá niðurstöðu PFS.

Ákvörðunarorð

Upphaf samningstíma tímabundinna samninga fyrir leigulínur milli Neyðarlínunnar hf. og Mílu ehf. sem njóta afsláttarkjara samkvæmt nýrri verðskrá viðmiðunartilboðs Mílu ehf. á grundvelli ákvæðis 2.13 í viðauka 2 við viðmiðunartilboðið, sbr. 2. og 3. gr. viðmiðunartilboðsins, telst vera við gildistöku verðskrárinnar, 1. ágúst 2011. Skal uppsagnarfrestur fyrir einstakar leigulínur sem Neyðarlínan hf. gerði þriggja ára tímabundinn samning um, með 15% afslætti vera einn mánuður að viðbættum þrem mánuðum í uppsagnarfrest, samtals fjórir mánuðir, sbr. ákvæði 2.13 og 2.14 í viðauka 2 við viðmiðunartilboðið.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000,- samkvæmt 6. gr. reglugerðar, nr. 36/2009, um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 18. janúar 2013

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri

Unnur Kr. Sveinbjarnardóttir